

Fundargerð

Aðalfundur SFSÍ Blönduósi 29.október 2010 og hófst kl.15:00.

Fundarstjóri: Jón Hjálmarsson.

Ritari: Björg Snjólfsdóttir.

1. Gunnar Hallsson formaður setti fund.
2. Jón Hjálmarsson kosinn fundarstjóri og Björg Snjólfsdóttir fundarritari.
3. Gunnar Hallsson formaður las skýrslu stjórnar.

Ágætu félagar

Nú rennur til viðar enn eitt starfsár samtaka okkar, en þessi aðalfundur er sá fimmtándi í sögu félagsins.

Þeir forstöðumenn sundstaða á Íslandi sem sáu þörfina fyrir samtök utan um viðfangsefni þau sem við glímum við á sundstöðum þessa lands, smáum eða stórum, hafa verið bara nokkuð framsýnir enda verður ekki séð að skort hafi viðfangsefni til að vinna að eða leita úrlausna þó auðvitað hafi verið bæði hæðir og lægðir í þeim efnum sem öðrum.

Fyrsti formaður samtakanna var Guðmundur Harðarson, nú forstöðumaður í Versölum Kópavogi og sá sem lengst hefur gengt formennsku er Ólafur Gunnarsson, nú tæknistjóri lauganna í Reykjavík.

Fjöldmargir félagar hafa gengt störfum í stjórn og ýmsum nefndum á þeim 15 árum sem samtökin hafa starfað og eiga þeir allir þakkir skildar fyrir þau störf.

Starfsárið sem við nú gerum upp á þessum aðalfundi hefur sannarlega verið heldur rólegra en stundum oft áður. Þó hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir á þessu starfsári og þar af einn í vík einni við ysta djúp.

Verkefni stjórnar hafa að nokkru snúist um vinnu við reglugerð um öryggi og hollustu sundstaða sem nýverðið var staðfest af ráðherra .

Á síðasta aðalfundi okkar voru drög að þeirri reglugerð kynnt og komu þar fram nokkrar athugasemdir frá félögum. Ákveðið var að stjórnin kallaði eftir athugasemdum og ábendingum frá félögum, samræmdi þær og kæmi þeim á framfæri við þá sem unnu að þessari endurskoðun reglugerðarinnar. Nokkrar ábendingar og athugasemdir bárust stjórn og kunnum við þeim félögum okkar miklar þakkir fyrir. Þar sannaðist hið margkveðna að betur sjá augu en auga.

Flestar athugasemdir voru gerðar við breytingar á 14. gr reglugerðarinnar sem tekur á aldursmörkum þeirra sem heimill verður aðgangur að sundstöðum án fylgdar. Einnig voru menn með vangaveltur um flokkun sundlauga.

Stjórnin kom þessum athugasemdum ásamt fleiru á framfæri við hlutaðeigandi aðila og niðurstaðan við vinnu við reglugerð var kynnt hér í morgun og hvet ég forstöðumenn til að taka þessum breytingum með opnum huga enda voru forstöðumenn að endurskoðun reglugerðarinnar liti dagsins ljós.

Einnig tók fulltrúi stjórnar þátt í umræðu um hugsanlegan kostnaðarauka sundstaða vegna breytinga á reglugerðinni og var niðurstaða þeirrar vinnu sú að kostnaðarauki hennar vegna væri hverfandi.

Síðan þá hefur stjórnin lagt mikla áherslu á að fullrúar stjórnvalda, í þessu tilfelli umhverfisráðuneytisins, fylgdu þessari nýju reglugerð eftir á ársfundi samtakanna. Sú kynning og umræða fór fram hjá okkur hér fyrir dag.

Það skal þó áréttað hér að SFSÍ var í þessu ferli öllu aldrei annað en umsagnaraðili. Það er svo auðvitað íhugunarefni hvort og með hvaða hætti samtökin geti komið að svona verkefnum á vegum stjórnvalda. Það sem við gerum best í þeim efnum er að halda tilveru samtakanna vel á lofti og þar skiptir viðhorf og þátttaka félaganna ekki síst máli.

Á síðasta starfsári voru hafin umræða um myndun starfshóps áhugaaðila um bætt fræðslumál starfsmanna sundstaða og um leið bætt öryggi sundlaugagesta.

Stjórn SFSÍ fékk að fylgjast með framvindu mála en sú vinna hefur legið niðri þar til nú. Okkur hefur verið boðið að taka þátt í opinni dagskrá í tengslum við ársfund Norðurlandasamtaka í björgunarmálum (Nordic Livredning) en samtökin berjast fyrir auknu öryggi á sundstöðum í sjósundi og víðavatnssund (sem er sambærilegt við víðavangshlaup). Tímasetning þess fundar er okkur sannarlega óheppileg þar sem við erum hér á kafi í uppskerunni. Ekki er þó útilokað að við getum sent fulltrúa frá okkur til þessa fundar til að fræðast um hvað er að gerast í þessum málum á Norðurlöndunum og í framhaldi af því tekið ákvörðun um næsti skref til hugsanlegs samstarfs. Kæru félagar – þetta fimmtánda starfsár samtaka okkar hefur auðvitað verið markað af því að þungt er fyrir fæti víða í rekstri sveitarfélaga sem í langflestum tilfellum eru eigendur og rekstaraðilar starfsstöðva okkar.

Við erum að koma út úr umhverfi þar sem uppbygging mannvirkja og þensla hefur verið gríðarleg og á það einnig við um byggingar íþróttamannvirkja.

Margir glæsilegir sundstaðir hafa verið teknir í notkun, byggð hafa verið ný sundlaugarmannvirki og eldri laugar endurbyggðar með glæsilegum hætti.

Nú blasir annað við og helstu verkefni forstöðumanna eru að leita hagræðingar og sparnaðar án þess að til skerðingar þjónustu þurfi að koma. Við skulum vona að hjá því verði komist en ljóst er að verkfæri okkar stjórnenda sundstaða mun verða niðurskurðarhnífurinn, allavega mun hann hanga yfir okkur. Þetta er það umhverfi sem við erum í og það hef ég fundið á samtölum mínum við féлага okkar.

Það er ekki ætlunin að draga upp einhverja dökka mynd hér á þessum afmælisfundi við skulum hinsvegar horfa á staðreyndirnar og mæta þeim.

Í Kínversku er orðið „krísa“ það sama og notað er yfir tækifæri. Það eru sannarlega ýmis tækifæri í stöðunni og við eigum að horfa í þá átt.

Meðal þess sem við höfum kynnt okkur hér í dag í hinni glæsilegu sundlaug hér á Blönduósi er tæknibúnaður sem sannarlega er til sparnaðar í rekstri mannvirkisins en ekki er því að leyna að stofnkostnaður búnaðarins er nokkur. Í því rekstarumhverfi sem framundan munu slíkir kostir óneitanlega verða skoðaðir mjög ítarlega.

Samtökin okkar geta og eiga að koma sterkt inn í þessa umræðu og vera sá vettvangur sem við getum og eigum að nota til að deila upplýsingum og fræðslu um hverjar þær nýjungar sem geta orðið til hagsbóta og hagræðingar í starfi okkar.

Kæru félagar.

Styrkur SFSÍ liggur í samtakamætti félaganna. Þann tíma sem ég hef setið í ykkar umboði í stjórn og nú síðustu tvö ár gengt formennsku hef ég ekki fundið annað en að þeir sem skipa þessa sveit forstöðumanna séu fullir áhuga um að SFSÍ verði á hverjum tíma burði til að vinna að sameiginlegum framfaramálum starfsstöðva okkar hvernig sem vindurinn blæs um landið okkar fagra.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka meðstjórnendum mínum frábært og heiðarlegt samstarf og ríka þolinmæði fyrir duttlungum mínum.

Innilegar afmælisóskir til okkar allra.

4. Guðmundur Ísidórsson gjaldkeri lagði fram ársreikning til umfjöllunar . Ársreikningur samþykktur.
5. Gunnar Hallsson lagði fram tillögur um breytingar á lögum félagsins. Tillaga stjórnar að breytingu á 4.grein laga SFSÍ: „4. grein hljóðar svo: Stjórn samtakanna skal skipuð 5 mönnum. Stjórnin skal kosin beinni kosningu á aðalfundi. Stjórn skal kosin til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstaklega um formann og gjaldkera og síðan þrjá meðstjórnendur. Annað árið skal kjósa um formann og einn meðstjórnenda, hitt árið skal kjósa um gjaldkera og tvo meðstjórnendur. Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og 3ja manna kjör og ritnefnd og 3ja manna fræðslu og ferðanefnd til eins árs í senn. Kjörnefnd skal senda út hvatningu til félagsmanna um framboð minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.“ Stjórn leggur til að þriðja málsgrein 4.greinar laga hljóði svo:„Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara og 3 manna kjörnefnd til eins árs í senn.“ Breytingar samþykktar.

6. Tillaga að árgjald félagsins haldist óbreytt samþykkt.
7. Kosning stjórnar skv 4. gr nýrra laga. Tillögu kjörnefndar kynnti Hafliði Halldórsson. Þórdís E. Sigurðardóttir og Gunnar Hallsson endurkjörin til tveggja ára.
8. Kosning endurskoðenda ksv. 4.gr. laga. Jón Hjálmarsson og Daníel Pétursson kjörnir til eins árs. Til vara: Bjarni Kjartansson.
9. 9. liður í dagskrá fellur niður skv ofanskráðu um breytingar á lögum.
10. Önnur mál. Daníel Pétursson steig í pontu. Jóni Hjálmarssyni veitt viðurkennig fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og veitti Jón viðurkenningunni móttöku.
11. Guðrún Arna Gylfadóttir steig í pontu til að kynna og halda tölu um nýjan heiðursfélag SFSÍ. Ólafur Gunnarsson tæknistjóri ÍTR, heiðraður Heiðursfélagi SFSÍ fyrir störf í stjórn félagsins sem og önnur ómetanleg störf. Ólafur veitti heiðurskjalinu móttöku ásamt eðalkoníaksflösku.
12. Bókun: Bjarni Kjartansson óskar eftir að Umhverfisstofnun gefi út hvernig beri að merkja sund og baðstaði í kjölfar dóms hæstaréttar um slys í Laugardalslaug.
13. Bókun: Hafliði Halldórsson óskar eftir því að stjórn beiti sér fyrir því að starfsmenn þreyti eitt próf en ekki tvö. Björgun úr laug verði aðeins kennt af viðurkenndum aðilum frá Rauða Krossinum.
14. Ólafur Gunnarsson tekur undir orð Hafliða. Vill ennfremur senda á félagsmenn kveðju frá Erlingi Þ. Jóhannssyni og frá Steinþóri Einarssyni íþróttafulltrúa ÍTR.
15. Gunnar hvetur félagsmenn að leggja inn til stjórnar áeggjan varðandi málflutning Hafliða og Bjarna.
16. Selfyssingar bjóða félagsmönnum að halda næsta aðalfund í sinni heimabyggð að ári. Samþykkt.
17. Haukur Sigurðsson varpaði fram spurningu um hvernig bæri að kynna ný aldursmörk barna í sund.
18. Gunnar formaður svarar og og hvetur til samstöðu um að framfylgja nýrri reglugerð og taka með opnum huga.

Fundi slitið kl. 16:05.